

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH)

haldinn á kennarastofu Hrafnagilsskóla miðvikudaginn 31. ágúst 2016 kl. 20:30

Fundinn sátu Sigríður Hrefna formaður, Auður Thorberg ritari, Guðrún gjaldkeri og Benjamín Örn.

Fundargerð ritar Auður

1. Umræður um gjaldfrjálsan skóla og barnasáttmálann og mikilvægi þess að mismuna ekki börnum eftir efnahagsstöðu foreldra.
2. Formanni barst fyrirspurn vegna sparkvallarins, hvort fyrirhugað sé að fara í að skipta út kurlinu, vangaveltur um hvað er hægt að gera og hvað það kostar. Val falið að kynna sér málið og halda stjórninni upplýstri.
3. Fundartími fyrir aðalfund félagsins ákveðinn 20. september kl. 20:30. Venjulega aðalfundarstörf, vantar engan í stjórn. Biðja um kynningu á heilsueflandi skóla og sveitarfélagi frá skólanum og sveitarstjórn. Sigga tekur að sér að tala við Hrund skólastjóra og Halldóru í sveitarstjórn
4. Bekkjarfulltrúafundur verði haldinn 9. nóvember kl. 20:30
5. Jólaföndur verður 26. nóvember
6. Fræðsluerindi/Uppistand verði 23. mars, hugmyndir Edda Björgvins, Siggi Friðleifs
7. Hugmyndir um forritunarnámskeið sem hægt væri að halda, Benni ætlar að kynna sér málið og senda stjórninni upplýsingar

Fundi slitið 21:50